

Fundargerð:

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps kom saman til 5. fundar þann 28. nóvember 2025 kl. 10:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
- Halldór Logi Friðgeirsson, Kaldrananeshreppi
- Delphine Briois, Árneshreppi
- Eva Sigurjónsdóttir, Árneshreppi
- Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG sem ritaði fundargerð

Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi var forfölluð.

Dagskrá:

1. Niðurstöður íbúafunda

Farið yfir niðurstöður íbúafunda sem haldnir voru í vikunni þar sem eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur:

1. Hverjir eru kostir og gallar núverandi stöðu?
2. Hver eru tækifærin og áskoranirnar við sameiningu?

Á fundunum komu fram áhyggjur íbúa í Árneshreppi af því að missa þjónustu og áhrif á nærsamfélag sitt.

2. Næstu skref

Ákveðið að leita eftir fjarfundi með ráðherra. Jóni Hróa falið að senda tölvupóst á ráðherra fyrir hönd nefndarinnar með ósk um fund.

3. Drög að skilabréfi til sveitarstjórna

Farið yfir drög að skilabréfi verkefnisstjórnar þar sem fram kemur að hún telur að sameining sveitarfélaganna sé valkostur sem vert sé að skoða betur í formlegum sameiningarviðræðum skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga og gefa íbúum tækifæri til að kjósa um. Formanni falið að ganga frá bréfi og senda sveitarstjórnunum ásamt fundargerðum og forsenduskjali.

Fundi slitið kl. 10:45